

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 11. mars 2015.

Fundur haldinn kl. 16.00 í Tindstöðum, Borgartúni 12-14

Mættir: Sverrir Bollason, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Finnur Sveinsson og Margrét Pálsdóttir.

Einnig sat fundinn Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla landvarðar

Óskar Sævarsson landvörður kom á fundinn og fór yfir skýrslu um starf sumarsins og hugmyndir að aðgerðum næsta árs.

Samþykkt að fara í nauðsynlegar aðgerðir vegna rotþróar fyrir vorið. Kostnaður áætlaður 200 þús. kr.

2. Landvarsla 2015

Samþykkt að fela formanni að ganga frá samkomulagi um landvörslu 2015 á svipuðum nótum og hefur verið.

3. Ársreikningur 2014

Lagður fram ársreikningur fyrir 2014. Samþykktur.

4. Ráðstefna Vistbyggðaráðs í Kaupmannahöfn.

Samþykkt að greiða kostnað vegna ráðstefnugjalds, ferðar og gistingar formanns á ráðstefnu Vistbyggðaráðs í apríl samkvæmt lauslegri kostnaðar áætlun upp á 150-200 þús.

5. Rætt um Bláfjallafólkvang.

Málefni fólkvanganna voru rædd í SSH en á fundi stjórnar SSH 3. júní 2013 var samþykkt að senda tillögur úr minnisblaði um framtíðarfyrirkomulag um rekstur Reykjanesfólkvangs og tengsl við Bláfjallafólkvang til umfjöllunar og afgreiðslu í aðildarsveitarfélögunum.

Fundi slitið 18:15